

Nd.

808. Breytingartillögur

[28. mál]

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Pálma Jónssyni og Eyjólfí K. Jónssyni.

1. Við 1. gr. 3. málsg. Orðin „eða staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins“ falli burt.
2. Við 2. gr.
 - a. 2. málsg. orðist svo:

Landnám ríkisins getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að sveitarstjórn og landnámsnefnd telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalativnnu.
 - b. Í stað „byggðaráðs“ í 4. málsg. komi: Landnáms ríkisins.
3. Við 3. gr. Síðasti málslíður orðist svo:

Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda sýslumanni, er varðveitir það með öðrum embættisskjölum.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „verða ekki taldar búhæfar að mati byggðaráðs“ komi: eru undanþegnar byggingarskyldu, sbr. 2. málsg. 2. gr.
5. Við 24. gr. 2. málsl. 3. málsg. orðist svo: Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé býlið lífvænlegt til búrekstrar, þó að þau hlunnindi séu undan tekin.